Stutt skýrsla

um orsakir fjársýkinnar á Íslandi, og um ráð til að eyða henni.

Meðan jeg var á Íslandi í sumar, spurði jeg mig fyrir um sýki þá, er kölluð er fjárpest, einkum í þeim hèruðum, þar sem sauðfènaður hefir mjög drepizt úr henni á seinni árum. Af lýsíngu þeirri, er jeg hefi fengið á sýki þessari, og reynslu þeirri, er jeg hefi aflað mèr við að krjúfa kindur er drepizt hafa úr þessum kvilla, ræð jeg, að þessi sýki optastnær eru hnútar (*Tuberkler*) í lúngunum. Til að aptra því, að þessi lúngnasýki breiðist út, og til þess sauðfènaður, sem sýkist, ekki drepist svo mjög, ætla jeg með fám orðum að telja upp þær varúðarreglur, er gæta verður í þessu efni:

1. Reynslan hefir sýnt, að lúngnasýkin gengur í erfðir til lambanna, og hjálpar ásigkomulag hagans til að þessi sýki magnast með aldrinum; er það því mjög áríðandi, að svo miklu leiti sem kostur er á, að sjá um, að bæði ærnar og eins brundhrútarnir sèu lausir við sýki þessa. Auðkenni sýkinnar eru þessi: kindin þrífst aldrei og er opt hálfhoruð; ullarvöxtur er veiklulegur (berir skjannar koma framan á brjóst-

inu, á síðunum og herðakampinum); kindin fær hriglu og hósta; andardrátturinn verður stuttur, og getur maður markað það á því, að nárarnir gánga upp og niður, jafnvel þótt kindin hafi góða stund staðið kyr; slím rennur úr nösunum; augun eru dauf; kindin er einsog utan við sig, og mjólkar illa; þær kindur, sem sjúkar eru, eru aptastar í rekstri og leggjast sjaldan. — Líka verður nákvæmlega að gæta þess, að hrútarnir sèu heilbrigðir, og sjáist það að þeir hafi sýki þessa, má með engu móti hafa þá fyrir brundhrúta, en fá verður hrúta úr þeim hèruðum, þar sem sýki þessi ekki hefur gengið; sama varhuga verður að gjalda við um ærnar. — Maður verður að auðkenna lömbin, einkum gimbrar, undan þeim ám sem maður sèr að veikar eru, hvort heldur það er meira eða minna, svo að maður eigi noti þau til kynsfjölgunar.

2. Til þess að lúngnasýkin ekki magnist af óhollri hagbeit, er það nauðsynlegt að gefa öllum sauðfènaði steinsalt (jarðsalt) þegar vetrar að, og leggja það í jötuna, eða þá að væta heyið með bræddu sjávarsalti (2 merkur vegnar handa 30 fjár), og þetta á að gjöra áttunda hvern dag, svosem mánaðartíma. — Þegar illa viðrar (þegar annaðhvört er þurrafrost eða kafald, o. s.

frv.) á að taka sauðfènað á gjöf og gjöra glugga á fjárhúsum þeim megin sem vindur stendur af, svo að ætíð sè mátulega heitt. — Hinn kaldasta hluta vetrarins á að byrgja fè um nætur, en gæta þess um daga, að því sè eigi beitt á votlendi heldur bala og harðlendi.

3. þegar ber á sýki þessari um vetur, og menn verða varir við hósta, einkum hja úngu fè, getur það opt orðið að góðu gagni: *a*) að taka kindinni blóð á blóðæðinni á hálsinum (og láta blæða allt að hálfri mörk) ellegar þá á eyrunum eða rófunni; *b*) að hánka kindina framaní brjóstið eða setja þar baunir; *c*) láta kindina sleikja steinsalt, eða ef það er ekki til, á hverjum degi að væta hey það, sem 30 kindum er gefið, í 2 mörkum af sjávarsalti bræddu í vatni; *d*) svo lengi sem á sýkinni ber, verður að halda fènu inni, og verður að halda húsinu bæði hreinu og þurru; maður verður að sjá um að mátulega heitt sè í fjárhúsinu og að þar sè enginn súgur; *e*) fènu verður að gefa gott og óskemmt hey, og úr vatni því, er það fær að drekka, verður að vera sárasti kuldinn, og á að blanda vatnið litlu af rúgmèli.

Einnig verð jeg að geta þess, að það eykur lúngnasýki hjá ám að mjólka þær of lengi fram

eptir á haustum og þurtotta þær vandlega, og því ætti að hætta að mjólka sauðfènað í September mánuði, eða að minsta kosti ekki mjólka hann þá optar enn einusinni á dag; fær maður á því ríkuglega uppbót, þareð lömbin bæði verða betri og hraustari og ullin á ánum verður bæði meiri og betri.

Dýralækníngaskólanum í Kaupmannahöfn,
24. September 1846.

A. Petersen,
dýralæknir.

Prentað hjá S. L. Möller.